



BORGARRÁÐ 11. september 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um nýjar verklagsreglur vegna erinda sem berast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur - MSS25090055

Lagt er til að borgarráð samþykki að beina því til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkurborgar að vinna verklagsreglur um fastan tímaramma í svörun og úrvinnslu erinda til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Skulu verklagsreglurnar vera í samræmi við 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um skjótar ákvarðanir í málum, tryggja að erindum sé svarað vel og tímanlega og skilvirka úrvinnsla umsókna. Í verklagsreglunum skal einnig gætt að því að ákvarða tímafresti þannig að úrvinnsla erinda til heilbrigðiseftirlitsins valdi ekki sérstökum tögum í úrvinnslu samhangandi erinda viðkomandi embætta svo sem sýslumanni, byggingarfulltrúa eða skrifstofu borgarstjórnar.